

Nautgripæræktarfélagið Búbót

Afhending 2013/51

Í framhaldi af fundi sem haldinn var þann 31. júlí 1904 var farið í það að stofna nautgripæræktarfélag í Grýtubakkahrepp. Félagið skildi heita Búbót og skiptist um Grenjá og Græfilsgil, það yrðu þrjár deildir; Útdæladeild, Hverfisdeild og Látrastrandadeild.

Skv. lögum félagsins var tilgangurinn að bæta kúakyn á félagssvæðinu og fá sem mesta og besta mjólk. Félagið mundi gera allt sem í valdi þess stæði til að auka þekkingu félagsmanna á byggingu, eiginleikum og eðli nautgripa.

Tilganginum hugðist félagið ná með því að nota einungis hrausta gripi af góðu kyni, vanda hirðingu, fóðrun og húsavist, nota réttar mjaltaaðferðir og halda fóður og mjólkurskýrslur. Félagið aðstoðaði og leiðbeindi við að byggja björt og loftgóð fjós fyrir nautgripina.

Félagsmenn voru skyldugir til að nota naut félagsins til allra sinna kúa og að halda nákvæma fóður og mjólkurskýrslu. Starfsemi félagsins endurspegladist í nákvæmum skýrslum fyrir hverja kú.

1920 voru lög félagsins endurskoðuð, en þá náði félagssvæðið aðeins milli Grenjár og Fnjóskár og Fnjóskdælingar því dottnir út úr félaginu.

Stjórn félagsins hafði tvö megin hlutverk, að kaupa þarfanaut, fá menn í það að halda þau og ráða eftirlitsmenn. Þeir sáu um fitmælingu, eftirlit um hirðingu og meðferð gripa félagsmanna. Seinna meir sáu þeir einnig um skýrslugerð.

Árið 1947 gekk félagið í Samband nautgripæræktarféлага Eyjafjarðar, en það var svo sameinað Búnaðarsambandi Eyjafjarðar 1977.

Seinasti aðalfundur Búbótar var haldinn 1966, en þar áður var hann haldinn 1954, og félagið því nánast hætt störfum og rann af sjálfu sér undir Búnaðarfélag Grýtubakkahrepps.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

14. febrúar 2025

Þuríður Jóna Steinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

2013 / 51

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni**A-Nautgriparæktarfélagið Búbót****A-Nautgriparæktarfélagið Búbót****1904 - 1966**

A	1	1	1947 - 1966	Fjórar handskrifaðar fundargerðir á lausum blöðum, frá 1947, 1954, 1957, 1966. Vélritað bréf frá Búnaðarfélagi Íslands, varðandi nautgripasýningu sem áætluð er um sumarið, dagsett 18. maí 1956. Afrit af 2 reikningum til Nautgripafélagsins frá S.N.E. ársettir 1950 og 1951. Vátryggingarskírteini 1953.
A	1	3	1905 - 1948	Reikningar fyrir árin 1905-1948.
A	1	4	1949 - 1966	Reikningar fyrir árin 1949 til 1966.
A	1	5	1920 - 1933	Skýrslubók 1920 til 1933.
A	1	2	1904 - 1906	Ljósrit af gjörðabók Nautgripafélagsins frá 1904 til 1906.